

**Mál nr. 7/2008**

**Fylkir**

**gegn**

**KR**

**Kæra Fylkis**

**Dómkröfur**

Að Fylki verði dæmdur sigur í leiknum 3-0

**Málavextir**

Fylkir og KR spiluðu í B-liðum fimmtudaginn 5. júní 2008. Einn leikmaður KR Sigurður Baldur Kolbrúnarson kt: 140192-3769 byrjaði inn á í leik A-liðsins í leiknum á undan og er því ekki löglegur með B-liðinu samkv. Reglugerð KSÍ.

**Lagarök**

Samkvæmt reglugerð KSÍ 26.1 kemur eftirfarandi fram:

Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Hlutgengnir til leiks í hver sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.

**Röksemdir**

Eins og fram kemur í reglugerð KSÍ er leikmaður sem byrjar inn á í leik með A-liði ekki löglegur í næsta B-leik á eftir. Þar sem umræddur leikmaður KR byrjaði inn á með A og spilaði svo B-leikinn á eftir telst B-lið KR ólöglegt og ber því að dæma Fylkir sigur 3-0 samkv. reglum KSÍ.

**Sönnungargögn**

Meðfylgjandi er skýrsla úr leik Fylkis og KR í A-liðum

Meðfylgjandi er skýrsla úr leik Fylkis og KR í B-liðum

Vitni

Kári Jónasson kt: 280879-3639, Vindaskór 16,

Kjartan Stefánsson kt: 270272-5419, Brekkubær 39.

Virðingarfyllst,

f.h. Knattspyrnudeildar Fylkis

Hörður Guðjónsson

**Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2008, miðvikudaginn 18. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum og Sigurði I. Halldórssyni, Kolbeini Árnasyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 7/2008:**

Knattspyrnudeild Fylkis  
gegn  
Knattspyrnudeild KR.

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Fylkis, kt. 571083-0199,  
Fylkisvegi 6,  
110 Reykjavík.  
Fyrirsvarsmaður: Hörður Guðjónsson.

#### **Kærði:**

Knattspyrnudeild K.R., kt. 700169-3919  
Frostaþjóli 2,  
101 Reykjavík.  
Fyrirsvarsmaður: Stefán Arnarson.

Mál þetta er móttakið af skrifstofu KSÍ 11. júní sl. Ákveðin var flýtimeðferð málsins og var kærða gefinn frestur til að skila greinargerð til 12. júní sl. Ekki barst greinargerð frá kærða.

#### **Kröfur:**

Kærandi krefst þess að Knattspyrnufélaginu Fylki verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti karla í 3. flokki B sem fram fór þann 5. júní sl.

### II.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Málavextir eru þeir að í leik liðanna sem fram fór á KR velli þann 5. júní sl. í Íslandsmóti karla 3. flokki B var lið kærða KR m.a. skipað leikmanni sem hóf leik með A liði í 3. flokki félagsins í næsta leik A liðsins á undan umræddum leik.

### III.

## Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Í gr. 26.1.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir:

*“Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 3. aldursflokks B liða er ber nafnið 3. flokkur B. Leitast skal við að B liðin leiki við sömu andstæðinga og A liðin. Útkoma liða í 3. flokki B hefur engin áhrif á 3. flokk A. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem léku næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti með þeirri undantekningu að leikmaður sem kom inn á í síðari hálfleik þess leiks er heimilt að leika með B liði félagsins.”*

Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir:

*“Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafiverið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000.”*

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,-

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélagið Fylkir hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

IV..

## Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélagið Fylkir telst hafa unnið leik gegn KR í Íslandsmóti karla 3. flokki B sem fram fór 5. júní 2008 á KR velli með markatölunni 3-0.

Knattspyrnudeild K.R ber að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

Sigurður I. Halldórsson

Kolbeinn Árnason

Helgi R. Magnússon

## Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.